

## Ályktanir

**Til** : Fjallabyggð <fjallabyggd@fjallabyggd.is>  
**Frá** : Veidifélag Ólafsfja <veidifelagolafsf@gmail.com>  
**CC** : Sveinbjörn Þ. Sveinbjörnsson <ss@kalfsa.is>;Mattiazer@gmail.com <Mattiazer@gmail.com>  
**Heiti** : Ályktanir  
**Málsnúmer** : 2109014  
**Málsaðili** : Veidifélag Ólafsfjarðar  
**Skráð dags** : 05.09.2021 23:07:05  
**Höfundur** : Veidifélag Ólafsfja <veidifelagolafsf@gmail.com>

Viðhengi [Reikn Smári 28.08.20.pdf](#)[Reikn Smári 28.08.20.pdf](#)

Bæjarráð Fjallabyggðar

Ólafsfirði 05.09.21

Gránugötu

580 Siglufirði.

Á aðalfundi Veidifélags Ólafsfjarðar fyrir árið 2020 sem haldinn var 12.06.21 var stjórn félagsins falið að koma eftirfarandi málum á framfæri.

- a. Aðalfundur Veidifélags Ólafsfjarðar haldinn 12.02.21 fól stjórn félagsins að óska eftir upplýsingum um hvort komin væri niðurstaða í viðræðum Fjallabyggðar og Vegargerðarinnar samanber lið 2009023 fundargerðar bæjarráðs nr. 667 dags 15.09.20. Jafnframt lýsir fundurinn yfir áhyggjum sínum vegna mikilla breytinga á hæð yfirborðs Ólafsfjarðarvatns undanfarin áratug.
- b. Í umræðum um ársreikning félagsins 2020 kom fram ábending um það að bæjarráð og bæjarstjórn Fjallabyggðar hefðu fyrir einhverjum árum samþykkt að láta fjarlæg brúna sem var yfir Fjarðará í landi Kálfsár og Þóroddsstaða vegna slæms ástands hennar.

Þar sem að burðarbitar brúnarinnar höfður fallið ofan í ána veturinn 2020 -2021 þurfti að fjarlægja þá, fékk V.Ó. verktaka til að vinna það verk. Fundarmenn fólu stjórn félagsins að vinna í málinu og ósk eftir því að Fjallabyggð greiddi þennan kostnað og kæmi því sem eftir er og liggur við brúarstöpulinn Kálfsár megin í förgun.

Með vísan í meðf. fundargerð bæjarráðs nr. 482 dags 10.01.17 og fundargerð bæjarstjórnar nr. 141 dags 11.01.17 óskar stjórn Veidifélags Ólafsfjarðar eftir því að Fjallabyggð greiði V.Ó. meðf. reikning nr. 103767 að fráhæð kr. 47.950.- og láti fjarlægja það sem eftir er og liggur við brúarstöpulinn Kálfsár megin í förgun.

Virðingarfyllst

f.h. stjórnar

Þorvaldur Hreinsson

## **Bæjarráð Fjallabyggðar 482. fundur 10.01.17**

### **„ 9. 1504048 - Göngubrú yfir Ólafsfjarðará**

Á 480. fundi bæjarráðs, 20. desember 2016, í tengslum við erindi Haraldar

Marteinssonar, dagsettu 17. nóvember 2016, var samþykkt að bjóða bréfitara að taka

við brúnni í því ástandi sem hún er endurgjaldslaust, að öðrum kosti yrði brúin fjarlægð. Í bréfi til bæjarráðs, dagsett 29. desember 2016, afþakkar Haraldur boð bæjarráðs um að þiggja brúna að gjöf.

Bæjarráð vísar í fyrri bókun og samþykkir að láta fjarlægja brúna.“

## **Bæjarstjórn Fjallabyggðar - 141. fundur - 11. janúar 2017**

### **Niðurstaða þessa fundar**

„Afgreiðsla 482. fundar bæjarráðs staðfest á 141. fundi bæjarstjórnar með 6 atkvæðum.“